



*Straumur Gollu / Kjartan Þorbjörnsson*

Viðskipti | mbl.is | 10.3.2009 | 15:11

## **Straumur starfar áfram í Finnlandi**

Dótturfélag Straums í Finnlandi, eQ Bank, starfar áfram þrátt fyrir fall móðurfélagsins og er nýrra eigenda nú leitað, samkvæmt frétt á vef Helsingen Sanomat. eQ bankinn er að fullu í eigu eQ Corporation, sem aftur er í eigu Straums-Burðaráss.

Antti Mäkinen, forstjóri eQ Bank, segir að þrátt fyrir eignarhaldið þá séu engin önnur tengsl við Straum og starfsemi fjárfestingabankans. Hins vegar þýði ákvörðun íslenska fjármálaeftirlitsins það að selja verður bankann. Hann segir að þegar hafi verið haft samband við mögulega kaupendur, þar á meðal finnsk fjármálafyrirtæki.

Mäkinen segir að viðskiptavinir bankans hafi tekið fréttum af falli Straums með stóískri ró og færri hafi hringt í gær í bankann heldur en venjulega á mánudögum.

Helsingen Sanomat segir að samkvæmt upplýsingum frá finnska fjármálaeftirlitinu hefur ákvörðun FME engin áhrif á starfsemina í Finnlandi, viðskiptavinir bankans né útibú en eQ starfar í Helsinkí, Tampere og Turkú og eru viðskiptavinir hans um 56 þúsund talsins.